

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

## Umdæmisstjórnarfundur í Kiwanisumdæminu Ísland-Færeyjar haldinn að Bíldshöfða 12 Reykjavík, laugardaginn 15. nóvember 2014, kl 10:00

### Dagskrá

1. Fundur settur – kynning fundarmanna
2. Umræður um skýrslur
3. Matarhlé
4. Fjölgunarmál - Pálmar Ingi Guðnason gerir grein fyrir ungliðafundi í Prag
5. Embætti kjör-kjörumdæmisstjóra
6. Bráðabirgðauppgjör umdæmisins 2013-2014 og umdæmisþings 2014
7. Aðsend bréf
8. Önnur mál

(athugið að dagskrárliðir voru færðir til frá upphaflegri dagskrá)

Eftirtaldir voru mættir: Umdæmisstjóri Gunnlaugur Gunnlaugsson, fráfarandi umdæmisstjóri Dröfn Sveinsdóttir, kjörumdæmisstjóri Gunnsteinn Björnsson, umdæmisritari Kristján G. Jóhannsson, umdæmisféhirðir Eypór Einarsson, erlendum ritari Tómas Sveinsson, svæðisstjóri Freyjusvæðis Ragnar Eggertsson, svæðisstjóri Færeyjasvæðis Karin Jacobsen, svæðisstjóri Sögusvæðis Ólafur Guðmundsson, svæðisstjóri Óðinssvæðis Ólafur Jónsson, svæðisstjóri Ægissvæðis Magnús Eyjólfsson, Upplýsinga- og blaðafulltrúi/ ritstjóri Kiwanisfrétta, Óskar Guðjónsson, formaður hjálmanefndar Guðrún Jóhannsdóttir, formaður útbreiðslu- og fjölgunarnefndar og tengiliður við fyrrverandi umdæmisstjóra, Stefán R. Jónsson, formaður styrktarsjóðs og umsjónarmaður stífkrampaverkefni, Ástbjörn Egilsson, tengiliður gagnagrunns KI, Konráð Konráðsson, Haukur Sveinbjörnsson, verðandi kjörumdæmisstjóri 2015-2016. Eftir matarhlé mætti Pálmar Ingi Guðnason, félagi í Mosfelli til fundarins. Af þeim nefndaformönnum sem boðaðir voru tilkynnti formaður laga- og ályktunarnefndar, Sigurgeir Aðalgeirsson forföll.

Umdæmisstjóri setti fundinn kl. 10 og bauð fundarmenn velkomna til fundarins. Þessu næst kynntu fundarmenn sig.

Síðan var gengið til dagskrár.

### 2. Umræður um skýrslur

Úrdráttur var fluttur úr skýrslum þeim sem lágu fyrir.

Að því loknu hófust umræður um skýrslurnar.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

## Eflum starf og vináttu.

Umdæmisstjóri spurði svæðisstjóra Ægissvæðis hvort rétt væri að Keilir og Hof hygðust sameinast, en Magnús hafði ekki heyrt um það.

Ástbjörn spurdist fyrir hvort samningur lægi fyrir við Eimskip um hjálmana. Kom fram að samningur lægi fyrir um þetta starfsár.

Ástbjörn skýrði nánar með Zeller orðuna. Eypór ræddi um ísgolfið og það fólk víðs vegar um landið sem kom til hjálpar og ætti að veita slíka orðu.

Gunnsteinn kom á framfæri að árangur stífkrampaverkefnisins væri mikill m.a. að í tíu löndum væri búið að útrýma stífkrampa.

Óskar Guðjónsson ræddi nokkur atriði: Spurð hvort skýrsla umdæmisstjóra væri sú sem birtist á vefnum en var ekki send út með fundarboði, nefndi misræmi í félagatölu í skýrslu ritara,, spurði Konráð um möguleika á að skila mánaðar- og ársskýrslum á vef KI Spurðist einnig fyrir hvort hugað hefði verið að sparnaði hjá umdæminu. Ræddi einnig um fjölgun í umdæmi Vestur Kanada.

Fram kom hjá umdæmisstjóra að skýrsla hans væri eingöngu það sem kom fram á Kiwanis.is Konráð sagði að hægt væri að skila skýrslum á síðu heimssíðu Kiwanis, [www:Kiwanis.org](http://www.Kiwanis.org) hann hefur eingöngu unnið að færslu gagnagrunnsins. Vert væri að skoða þetta.

Tómas greindi nánar frá breytingum á vefnum og það að nýtt umsýslukerfi með aðgangsstýringu, en fresta þurfti nokkrum breytingum vegna kostnaðar. Eypór nefndi að stefnt sé að því að setja inn dagbók fyrir útleigu. Kristján og Konráð ræddu nokkuð um gagnagrunn KI.

Ólafur Jónsson, hvatti svæðisstjóra til að senda efni inn á [www:Kiwanis.is](http://www.Kiwanis.is) og einnig skrifa í Kiwanisfréttir. Sagði að nokkrir forsetar væru að bíða eftir aðgangi að gagnagrunni.

Hvatti til að ýtt yrði á forseta með stífkrampaverkefnið og var óhress með samstarfið við Unicef. Svæðisráðstefna Óðinssvæðis ákvað sameiginlegt fjáröflunarverkefni og fer það í stífkrampaverkefnið. Ræddi um fjölgun og sagði að Hjördís fyrrverandi umdæmisstjóri hefði verið með góðan fyrirlestur um fjölgunarmál á svæðisráðstefnu Óðinssvæðis. Á ráðstefnunni kom fram hugmynd að nýir félagar verði gjaldfrjálsir í tvö ár. Óðinssvæði stefnir að kynningu á Glerártorgi í tilefni þess að 25 ár verða frá því að fyrsti hjálmur var afhentur á vegum Kiwanis og óskar eftir að fá afmælisýninguna norður. Óskar greindi frá því að reynt yrði að verða fyrir því.

Óskar sagðist hafa verið í forystu fyrir hópi sem ræddi um framtíð vefsins og hefði Skilað skýrslu. Hins vegar hafi ekki verið tekið tillit til þeirra tillagna við breytingar á vefnum. Taldi að betur mætti t.d. gera í sambandi við fræðslu fyrir félag, m,a.um fjölgunarverkefnið Formulan

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

## Eflum starf og vináttu.

Ólafur Jónsson spurðist fyrir um hvort rætt hefði verið um að í fræðslunefndinni yrði fulltrúar úr hverju svæði til að spara ferðakostnað. Umdæmisstjóri benti á að verðandi umdæmisstjóri gæti tekið þetta til athugunar.

Magnús Eyjólfsson ræddi um fjölgunarmál, á Suðurnesjum, þar búa margir útlendingar og mögulegt að stofna Kiwanisklúbba fyrir ýmsar þjóðir. Hafa þyrfti fast prógram til að fá fólk til að stofna slíka klúbba.

Stefán Ragnar Jónsson greindi frá því að venja væri að fyrrverandi umdæmisstjórar bjóði fram aðstoð á fyrsta fundi umdæmisstjórnar. Hann hefur hvatt fyrrverandi umdæmisstjóra til að koma hver með einn nýjan féлага í hreyfinguna.

Hann er einnig formaður útbreiðslu og fjölgunarnefnd. Niðurstaðan er sú að maður á mann aðferðin hafi reynst best. Nefndin er tilbúin að mæta á fundi og kynna störf sín.

### 3. Matarhlé

Tekið var matarhlé og var boðið upp á súpu.

### 4. Ráðstefna um fjölgunarmál KIEF í Prag – Pálmar Ingi Guðnason

Pálmar Ingi Guðnason félagi í Mosfelli greindi frá þátttöku sinni í fjölgunarráðstefnu ungliða á vegum KIEF, sem haldin var í Prag í október 2014.

Fyrirlestur hans byggði á grein, sem hann birti á Kiwanis.is í síðasta mánuði.

Að loknum fyrirlestrinum var beint spurningum til Pálmars. Óskar spurði hvort Pálmar væri með fastmótaðar hugmyndir um hvernig ná ætti til ungs fólks.

Hann taldi nauðsynlegt að Kiwanis auglýsti sig betur, kæmi betur á framfæri hvað hreyfingin væri að gera. Stefán spurði hvernig hann nálgæðist að kynna ungu fólk sinn klúbb. Þyrftum að byggja meira á skemmtanagildi, ekki karpi um fjármál.

Stefán spurði hvort kostnaður skipti máli fyrir ungt fólk og taldi Pálmar að í mörgum tilvikum hefði það áhrif.

Pálmar Ingi Guðnason vék af fundi.

### 5. Embætti kjör-kjörumdæmisstjóra

Umdæmisstjóri fór yfir lagareglur um framboðsfrest og kosningu kjör-kjörumdæmisstjóra.

Greindi hann frá því að þáverandi umdæmisritari sendi út í febrúar bréf þar sem óskað var eftir tilnefningum á kjörumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2014-15. Á umdæmisþingi var lagt fram framboð Hauks Þ. Sveinbjörnssonar sem kjörumdæmisstjóra fyrir starfsárið 2015-2016.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

## Eflum starf og vináttu.

Umdæmisstjóri óskaði eftir álitum laganevndar hvort Haukur væri orðinn verðandi kjörumdæmisstjóri. Sú hefð hefur verið að kjörumdæmisstjóri hafi verið staðfestur á umdæmisþingi árið áður en hann tekur við. Óskar og Ástbjörn fóru yfir hvernig þessu hefði verið háttað undanfarin mörg ár, m.a. vegna þess að þing hafa lengi verið haldin að hausti til og því stuttur undirbúningur. ef kjósa ætti viðkomandi nokkrum vikum áður en hann færi í fræðslu til KI. Áður fyrr þegar þing voru að vori var í lagi að velja kjörumdæmisstjóra sama ár og hann á að taka við embætti enda mun lengri undirbúningstími fyrir viðkomandi að kynna sér embættið áður en starfsárið hefst. Dröfn ræddi um bréfið sem sent var út og var lesið yfir af öllum aðilum í framkvæmdaráði. Samkvæmt álitum laganevndar skal 120 dögum fyrir næsta Umdæmisþing óska eftir framboðum til kjörumdæmisstjóra starfsárið 2016-2017.

Konráð og Ástbjörn yfirlögðu fundinn.

## 6. Bráðabirgðauppgjör fyrir starfsárið 2013-2014

Umdæmisféhirðir Eyþór Einarsson gerði grein fyrir bráðabirgðauppgjöri fyrir síðasta starfsár. Tekjur umdæmisins eru töluvert lægri en áætlað var en á móti eru gjöld einnig töluvert lægri en áætlað var. Niðurstaðan er því í góðu samræmi við áætlun. Sama á við um Kiwanisfréttir. Einnig lagði Eyþór fram bráðabirgðauppgjör fyrir Umdæmisþing í Kópavogi í september 2014. Niðurstaðan er í samræmi við áætlanir. Lokauppgjör mun verða tilbúið eftir nokkrar vikur.

## 7. Aðsend bréf

Tvö bréf höfðu borist.

Tunglið bókaforlag kynnir ljóðabókina Alzheimer-tilbrigðin eftir Hjört Marteinson.

Umdæmisstjóri mun senda þetta bréf til forseta klubbanna.

Bréf frá stuðningsmönnum Helga Sveinssonar spjótkestara. Bréfinu vísað til Styrktarsjóðs.

## 8. Önnur mál

Stefán Jónsson hvatti svæðisstjóra til að ýta á forseta klubbanna að beita sér fyrir fjölgun.

Gunnsteinn kjörumdæmisstjóri bað svæðisstjóra um að senda sér upplýsingar um

Kjörsvæðisstjóra.

Kristján Jóhannson formaður ferðanefndar gerði stuttlega grein fyrir undirbúningi að ferð, sem unnið er að setja upp til Indianapolis á heimsping í júní.

Að beiðni umdæmisstjóra gerði Óskar Guðjónsson grein fyrir samningi, sem gerður var árið

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

## Eflum starf og vináttu.

2011 um að umdæmin gerðust ábyrgðaraðilar á fjölgun í öðrum umdæmum. Norden og Ísland Færeyjar tóku að sér sameiginlegt verkefni um að beita sér fyrir stofnun klúbba í Danmörku. Evrópuforseti hefur tekið þetta mál upp og óskar eftir framkvæmdum. Ólafur Jónsson óskaði eftir að framkvæmdaráð tæki það fyrir hvort mögulegt væri að fylgja eftir tillögum svæðisráðstefnu Óðinssvæðis um gjaldfrelsi nýrra félaga. Einnig bauð hann Umdæmisstjóra velkominn norður.

Eyþór lagði fram hugmyndir um að nýir félagar greiði ekki innlendu gjöldin fyrsta árið og hálf gjald annað árið. Varðandi kostnað umdæmisins benti hann á á að þing út á landi séu mun dýrari.

Óskar beindi til umdæmisstjórnar að markaðsmál verði tekin föstum tókum og lagði til að embætti Kiwanisfrétta verði eitt og sér, en sett yrði upp embætti markaðs- og kynningarfulltrúa.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:15  
Kristján G. Jóhannsson, umdæmisritari

